



Reykjavík, 19. janúar 2023

Varðar: Hringbraut 50 – erindi frá byggingafulltrúa

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. janúar 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja garðskála í suðurgarði sem tengist 1. hæð Grundar á lóð nr. 50 við Hringbraut. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. janúar 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Hringbraut 50 borgarluta 1 Vesturbæ og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB 1 Landakot suður.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni.

Umsögn

Byggingin á lóð nr. 50 við Hringbraut er hjúkrunarheimilið Grund, byggð í nokkrum áföngum á árunum 1929-2005. Hún er friðuð skv. rauðum flokki en honum tilheyra einstök hús, húsaraðir eða götumyndir með varðveislugildi. Óskað er eftir áliti skipulagsfulltrúa á leyfi til að að reisa laufskála á lóð í inngarði sunnan megin við aðalbyggingu. Laufskálinn hefur þegar fengið jákvæða umsögn Minjastofnunar. Þar er bent á að laufskálinn sé sjálfstæð bygging sem tengist aðalbyggingunni aðeins með yfirbyggðum gangi, hann sé að nokkru leyfi niðurgráfin og steypdur stoðveggur muni draga enn frekar úr sýnileika hans frá götu. Mikilvægt er að laufskálinn falli vel að aðalbyggingu hvað varðar útlit og efnisval.

Laufskáli og tilheyrandi útisvæði mun bæta aðstöðu og heimilismanna til útivistar og hefur ekki afgerandi eða óafturkræfar breytingar í för með sér á aðalbyggingunni sjálfri. Ekki er talið að hann muni hafa neikvæð áhrif á nágranna þar sem hann er staðsettur í inngarði fyrir aftan stóran, sígrænan runna. Vísað er í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga en þar segir: „Við útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.“. Þar sem viðbygging þykir vera þannig að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varði landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr skipulagslaga er ekki gerð athugasemd við erindið.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við byggingu laufskála í garði sunnan við aðalbyggingu Grundar, við Hringbraut 50.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri